

## Re: Þjósárdalur - framkvæmdir á friðlýstu svæði

Búið til	3.4.2023 11:07:11
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.4.2023 11:07:10
Tilheyrir	202303-0056 - Þjósárdalur - framkvæmdir á friðlýstu svæði

### Efni

Re: Þjósárdalur - framkvæmdir á friðlýstu svæði

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	3.4.2023 11:07:10	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.4.1 Umsagnir um friðlýst svæði		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Marcos@basalt.is

### Innihald

Komdu sæll,

Tilvísun í mál nr. 202303-0056 (SS,LA).

Við höfum kíkt á gögnin og almennt erum við ekki að meta byggingarteikningar og -skilmála nákvæmlega, enda ekki með fagþekkingu til þess. En eins og fram kom í umsögn okkar til skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. síðasta september, um deiliskipulagsbreytinguna, þá teljum við mikilvægt að raski á Rauðkömbum sé haldið í lágmarki eins og hægt er og að hugað sé vel að ásýndaráhrifum. Ljóst er að þegar byggt er inn í fjall þá verður mikið rask og ásýndaráhrif mikil. Afar mikilvægt er að reynt sé að hlífa því sem ekki stendur til að raska, eins og hægt er, og þá skipta máli vinnureglur á framkvæmdatíma t.d. um aðkomu og vinnulag vinnuvéla, meðferð og frágang efnis sem fært er til og varðveitt á framkvæmdasvæði o.s.frv.

Jarðfræðingar okkar bentu á tilvist gervígiga skammt fyrir sunnan og austan framkvæmdasvæðið sem afar mikilvægt er að hlífa. Sjá meðfylgjandi loftmynd þar sem mörk þeirra hafa verið teiknuð gróflega með rauðri línu. Einng má sjá afmörkun gervígiga í Þjósárdal á vefsíðu okkar um náttúruminjar sem falla undir ákvæði 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun - <https://serstokvernd.ni.is/> (<https://serstokvernd.ni.is/>) Miðað við uppdráttinn að framkvæmdinni virðist sem t.d. áformaður manngerður lækur og reiðleið séu utan við gervígigana og er mikilvægt að svo sé. Lagt er til að reyna að forðast framkvæmdum nálægt gervígigunum á sléttlendinu undir suðaustur-hluta Rauðkumba.

Þá ber að nefna að skv. 61. grein um sérstaka verndun, þá ber að hlífa hverum og uppsprettum og útfellingum sem þeim tengjast fyrir óþarfa raski, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum. Við Rauðukamba er að finna ummyndun og útfellingar vegna jarðhita. Skoða þarf vandlega hvort slík ferli séu virk og skilgreina svæði sem ber að hlífa vegna þess.

Ekki kemur fram á uppdrætti hvernig lagnir frá borholu að dæluhúsi muni liggja.

Gerum ekki frekari athugasemdir að svo stöddu en erum reiðubúin í áframhaldandi samráð eins og við á.

Bestu kveðjur,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.      www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Marcos Zotes" <Marcos@basalt.is>

**To:** "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>

**CC:** "magnus.orra@bluelagoon.is" <magnus.orra@bluelagoon.is>; "hartmann.karason@bluelagoon.is" <hartmann.karason@bluelagoon.is>; "heidrun.osp.hauksdottir@efla.is" <heidrun.osp.hauksdottir@efla.is>

**Subject:** Þjósárdalur - framkvæmdir á friðlýstu svæði

**Date:** 24.3.2023 09:03:39

Sæll Snorri,

Basalt arkitektar ásamt Eflu og Ferli hafa síðustu ár unnið að hönnun Fjallabaðanna á friðlýstu svæði í Reykholti í Þjósárdal.

Aðaluppdrættir eru nú tilbúnir til yfirferðar og byggingarleyfisumsóknar.

Meðfylgjandi eru aðaluppdrættir og fylgigögn sem krafist er í tengslum við byggingarleyfisumsóknina til yfirferðar hjá Náttúrufræðistofnun.

1. Aðaluppdrættir

2. Fylgigögn:

- Greinagerð um aðgengi
- Greinagerð um öryggi
- Greinagerð brunavarna
- Hljóðvistargreinagerð
- Greinagerð um loftræsingu
- Greinagerð um lagnir almennt
- Orkurammi
- Greinagerð um raflagnir
- Greinagerð hönnunarstjóra

Bestu kveðjur / Kind regards,

**Marcos Zotes**

Partner / Architect, FAÍ





x Reykholt